

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 4/1997.

Guðlaug Brynja Hjaltadóttir

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Leifs Gunnars Leifssonar

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Gjaldprotaskipti. Riftun. Gjöf. Hjúskapareign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1997 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt lóðarleigusamning þann, sem bæjarstjórnin í Keflavík gerði 5. nóvember 1980 við Leif Gunnar Leifsson, sem þá var sambúðarmaður hennar, um lóðina nr. 4 við Heiðarbakka. Var samningnum þinglýst 12. sama mánaðar. Þessari þinglýstu heimild að fasteigninni Heiðarbakka 4, Keflavík, óskuðu þau hjónin eftir að fá breytt með bréfi sínu 28. febrúar 1995, þannig, að eignin yrði eftirleidis þinglýst eign beggja, eins og í héraðsdómi greinir. Svo sem þar er og rakið höfðu þau lóðina sameiginlega á hendi á tímabilinu frá mars 1980, þar til þessi samningur var gerður í nóvember sama árs.

Þinglýst eignarheimild Leifs Gunnars Leifssonar að fasteigninni Heiðarbakka 4 veitir líkindi fyrir því, að hún hafi í heild verið hjúskapareign hans, þegar þau áfrýjandi gengu í hjúskap 19. júní 1982. Til þess að hnekkja þeim líkindum þarf áfrýjandi að sýna fram á, að hún hafi í reynd látið af hendi fé til þess að greiða tiltekinn byggingarkostnað eða lagt nánar tilgreinda vinnu í húsbýgginguna í þeim mæli, að myndast hafi hlutdeild hennar í eignarrétti. Það hefur áfrýjanda ekki tekist. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaug Brynja Hjaltadóttir, greiði stefnda, þrotabúi Leifs Gunnars Leifssonar, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 12. desember 1996, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness af þrotabúi Leifs Gunnars Leifssonar, kt. 030956-2579, Hafnargötu 31 í Keflavík, með stefnu, birtri 25. september 1996, á hendur Guðlaugu Brynju Hjaltadóttur, kt. 111058–2539, Heiðarbakka 4 í Keflavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að rift verði með dómi gjöf eða sölu þrotamanns á bifreiðinni KD-057 til stefndu, sem fram fór með tilkynningu, sem barst Bifreiðaskoðun Íslands hf. 18. febrúar 1996, að rift verði með dómi gjöf þrotamanns til stefndu á 50% fasteignarinnar Heiðarbakka 4 í Keflavík, sem gerð var með yfirlýsingu þess efnis milli hjónanna 28. febrúar 1995, að stefnda verði dæmd til að skila þrotabúinu þeim greiðslum, sem hún fékk með ofangreindum ráðstöfunum, með því að afhenda þær þrotabúinu til fullrar ráðstöfunar og gefa út afsal innan fimmtán daga frá uppkvaðningu dóms.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Sáttatilaunir dómara hafa reynst árangurslausar.

II.

Málsatvik eru þau, að með kröfu, áritaðri um viðtöku í Héraðsdómi Reykjaness 22. maí 1996, krafðist Landsbanki Íslands þess, að bú Leifs Gunnars Leifssonar yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Úrskurður þessa efnis var kveðinn upp 7. júní s. á. Eina eign búins er helmingur fasteignarinnar að Heiðarbakka 4 í Keflavík. Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að við skoðun á þinglýsingabókum hafi komið í ljós, að 1. mars 1995 hafi svohljóðandi yfirlýsingu verið þinglýst að ósk Leifs Gunnars Leifssonar og stefndu:

„Við undirrituð, hjónin Leifur G. Leifsson, kt. 030956-2579, og Guðlaug Brynja Hjaltadóttir, kt. 111058-2539, bæði til heimilis að Heiðar-

bakka 4, Keflavík, óskum hér með eftir, að eign okkar, Heiðarbakki 4, Keflavík, sem nú er einungis þinglýst á nafn Leifs, verði hér eftir þinglýst eign beggja. Eftir þessa þinglýsingu skal Leifur vera þinglýstur eigandi 50% eignarinnar og Guðlaug Brynja 50%, og skal það skráð í veðmála-bækur sýslumannsins í Keflavík. . .“

Stefnandi segir enn fremur, að Leifur Gunnar hafi verið eigandi bifreiðarinnar KD-057 (Ö-51), sem sé af gerðinni Ford Sierra, árg. 1984. Hinn 18. febrúar 1996 hafi verið tilkynnt breyting á skráningu bifreiðarinnar til Bifreiðaskrár Íslands, þess efnis, að stefnda hefði keypt framangreinda bifreið af eiginmanni sínum, Leifi Gunnari. Í þar til gerðum reit, þar sem skrá eigi dagsetningu kaupsamnings eða afsals, sé eingöngu ritað „milli hjóna“.

Hinn 10. september 1996 lýsti skiptastjóri í þrotabúi Leifs Gunnars yfir riftun beggja ofangreindra ráðstafana á þeim grundvelli, að um gjafir til nákominna hefði verið að ræða.

Með bréfi, dagsettu 13. september s. á., upplýsti lögmaður stefndu, að hann hefði sem lögfræðilegur ráðgjafi þeirra hjóna ráðlagt þeim að hraða þinglýsingu eignarhluta stefndu til að verja hana fyrir skuldheimtumönnum. Stefnda hefur mótmælt kröfum um riftun, og er það ástæða málshöfðunar stefnanda.

III.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Leifur Gunnar Leifsson og stefnda.

Í aðilaskýrslu stefndu kom fram, að bygging hússins að Heiðarbakka 4 hefði hafist árið 1977. Sambúð stefndu og Leifs Gunnars hafi hafist í júlí 1979. Stefnda hafi lagt bæði vinnu sína og tekjur í byggingu hússins. Þau hafi gengið í hjúskap í júní 1982 og upp frá því talið fram til skatts sameiginlega. Stefnda og Leifur hafi upp frá því talið ónauðsynlegt að tiltaka helmingshlutdeild stefndu í eigninni, hvorki í þinglýsingabókum né í skattframtölum. Þau hafi aldrei talið, að Leifur Gunnar hafi gefið stefndu eignarhlut hennar í húsinu að Heiðarbakka 4.

Í framburði Leifs Gunnars kom fram, að hann hefði einn byrjað byggingu hússins að Heiðarbakka 4. Eftir að samband þeirra stefndu hafi byrjað, hafi hún farið að leggja sitt af mörkum til byggingarinnar. Þar sem þau hafi ekki verið í hjúskap á þessum tíma, hafi þau talið sanngjarnt og eðlilegt, að stefnda yrði meðeigandi hússins ásamt sér, enda gæti hann annars gengið burt, án þess að hún fengi eyri. Í þessu skyni hafi stefnda orðið lóðarhafi ásamt sér og fokheldisvottorð verið gefið út á nafn þeirra beggja. Þegar þau stefnda hafi gengið í hjúskap árið 1982, hafi þau talið óþarft að skrá stefndu sérstaklega fyrir eigninni vegna reglna um fjármál hjóna.

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn aðallega á því, að umræddir gerningar hafi verið gjafir í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og því riftanlegir. Ljóst sé, að öll fasteignin að Heiðarbakka 4 hafi verið hjúskapareign þrotamanns samkvæmt 54. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Enda þótt þau stefnda og Leifur Gunnar hafi talið sig vera að staðfesta það eignarfyrirkomulag, sem í raun hafi gilt með þeim, sé sýnt, að umræddur gerningur sé gjöf á hjúskapareign. Einu gildi, hvaða búningi gjöfin hafi verið klædd. Samkvæmt íslenskum lögum beri sá sönnunarbyrðina, sem haldi því fram, að eignarheimild sé í raun með öðru móti en þinglýsingabækur lýsi. Kröfur um sönnun séu sérstaklega ríkar, þegar um tengda aðila sé að ræða. Stefnda hafi ekki sýnt fram á eignarhluta sinn í eignumum þrátt fyrir tækifæri til þess. Um bifreiðina KD-057 tiltekur stefnandi, að engin gögn liggi fyrir um greiðslur til Leifs Gunnars þrátt fyrir yfirlýsingar í þá átt.

Einnig styður stefnandi riftunarkröfu sína við 140. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl., með því að um ótilhlýðilegar ráðstafanir hafi verið að ræða, sem hafi leitt til þess, að eignir Leifs Gunnars voru kröfuhöfum ekki til reiðu. Stefnda hafi mátt vita um ógjaldfærni Leifs Gunnars og aðrar aðstæður. Kröfuhafar hefðu þegar hafið þær innheimtuáðgerðir, sem síðar hafi leitt til gjaldþrots. Í bréfi lögmanns stefndu, þar sem fram komi, að nauðsynlegt hafi verið að verja eignarhluta stefndu í Heiðarbakka 4 fyrir skuldheimtumönnum, liggi fyrir huglæg afstaða stefndu. Gerningurinn hafi verið gerður til að koma undan eign, sem annars hefði verið til reiðu fyrir skuldheimtumenn Leifs Gunnars. Í stefnu skorar stefnandi á stefndu að leggja fram gögn, sem hnekki þessum sjónarmiðum.

Stefnandi styður endurgreiðslukröfu sína við 144. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. Stefndandi tiltekur, að stefnda sé enn skráður eigandi umræddra eigna og í stakk búin til að skila þeim. Samkvæmt skattframtölum séu tekjur stefndu lágar, og því virðist einsýnt, að fjárkrafa yrði henni enn þungbærari en krafa um skil verðmæta, sem höfð sé uppi. Hagkvæmara sé, að aðeins einn eigandi sé að fasteigninni Heiðarbakka 4 í stað þess, að þrotabúið eigi eignina til helminga við stefndu. Í ráðstöfunargerningum Leifs Gunnars og stefndu séu hvergi tilgreindar fjárhæðir og því erfitt að gera sérstaka kröfu um peningagreiðslu, nema fram fari sérstakt mat. Það sé í höndum stefnanda að ákveða, hvort krafist sé endurgreiðslu samkvæmt 144. gr. eða 142. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl., þ. e. hvort krafist sé endurgreiðslu peninga eða skila á verðmætunum sjálfum.

Stefnda reisir sýknukröfu sína á því, að hún hafi frá upphafi verið eigandi

helmingshlutar Heiðarbakka 4 í Keflavík. Þau Leifur Gunnar hafi byrjað sambúð árið 1980 og hafist þegar handa um byggingu Heiðarbakka 4. Stefnda hafi með samþykkt byggingarnefndar 12. mars 1980 orðið lóðarhafi ásamt honum. Stefnda hafi unnið að byggingunni ásamt Leifi Gunnari. Stefnda hafi lagt til byggingarinnar skyldusparnað í upphafi byggingartímans. Þá hafi hún verið útvinandi allt til 1982, að hún eignaðist fyrsta barn sitt og þau hjónin fluttust í húsið. Þá hafi lítið hvílt á eigninni, en bæði stefnda og Leifur Gunnar hafi greitt af lánnum. Leifur hafi þannig ekkert gefið stefndu, heldur hafi hún einungis varið eignarrétt sinn með þinglýsingu.

Stefnda reisir mótmæli sín við riftun á ráðstöfun bifreiðarinnar KD-057 á því, að hún hafi keypt bifreiðina á eðlilegu verði fyrir eigið fé. Hún hafi m. a. selt ríkisskuldabréf í þessum tilgangi. Ástæða þessarar eignaryfirfærslu hafi verið kostnaður af fermingu, sem Leifur Gunnar hafi átt að kosta til jafns við sig. Þá sé verðmæti bílsins ekki mikið.

V.

Samkvæmt 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. má krefjast riftunar gjafagernings, ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis má krefjast riftunar á gjöf til nákominna, sem afhent hefur verið sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag, nema leitt sé í ljós, að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær þrátt fyrir afhendinguna. Dómari leggur til grundvallar, að það sé gjafþega að sýna fram á, að raunverulegt endurgjald hafi komið fyrir afhent verðmæti, svo að riftun sé óheimil samkvæmt framangreindu. Þykir þetta eiga því frekar við í máli þessu, að um er að ræða ráðstafanir milli hjóna.

Samkvæmt því, sem komið er fram í málinu, hóf Leifur Gunnar, síðar eiginmaður stefndu, einn byggingu hússins að Heiðarbakka 4 í Keflavík árið 1977. Fullyrðing stefndu um, að hún hafi tekið þátt í byggingu hússins með vinnu og fjárframlögum, eftir að kynni þeirra Leifs Gunnars hófust, þykir trúverðug að virtum gögnum málsins. Á hinn bóginn hefur stefnda ekki sýnt fram á, hverjar greiðslur hún innti af hendi til byggingarinnar eða hvaða fjárhæðum þær námu. Því síður hefur stefnda sýnt fram á, að þessar greiðslur hafi verið til jafns við greiðslur Leifs Gunnars. Enn fremur þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að stefnda hafi orðið eigandi að helmingi hússins með vinnu og öðrum framlögum, þegar lítið er til þess, að Leifur Gunnar var einn þinglýstur eigandi hússins að Heiðarbakka 4 á þeim tíma, sem stefnda innti af hendi framlög sín. Er því óhjákvæmilegt að líta á samkomulag stefndu og Leifs Gunnars um jafna eignaraðild að húsinu sem gjöf í skiln-

ingi 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Í samræmi við 140. gr. sömu laga ber að leggja það tímamark til grundvallar, þegar framangreindri ráðstöfun var þinglýst, en í málinu er ágreiningslaust, að það var gert 1. mars 1995. Ekki hafa verið leiddar líkur að því, að Leifur Gunnar hafi verið gjaldfær á þessu tímamarki þrátt fyrir framangreinda ráðstöfun. Samkvæmt framansögðu verður því að fallast á kröfu stefnanda um riftun á ráðstöfun Leifs Gunnars til stefndu á helmingi fasteignarinnar að Heiðarbakka 4 í Keflavík í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Með tilkynningu, áritaðri um viðtöku hjá ökutækjaskrá 18. febrúar 1996, var bifreiðin KD-057 skráð af nafni Leifs Gunnars yfir á nafn stefndu. Í málinu liggur hvorki fyrir kaupsamningur né önnur gögn, er staðfesti, að endurgjald hafi komið fyrir þessa yfirfærslu bifreiðarinnar til stefndu. Verður stefnda að bera hallann af skorti á sönnun um þetta atriði. Í samræmi við 1. mgr. 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. verður því að fallast á kröfu stefnanda um riftun á umræddri ráðstöfun.

Af hálfu stefndu er hvorki kröfu um endurgreiðslu sérstaklega mótmælt né krafist lækkunar endurgreiðslu samkvæmt 145. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Með vísan til 144. gr. sömu laga ber því að dæma stefndu til að afhenda stefnanda bifreiðina KD-057 og gefa út afsal, eins og nánar segir í dómsorði. Þá ber samkvæmt sama ákvæði að dæma stefndu til að standa stefnanda skil á helmingseignarhluta sínum í fasteigninni að Heiðarbakka 4 í Keflavík. Eðli máls samkvæmt þykir ekki verða kveðið á um þau skil öðruvísi en að skylda stefndu til að gefa út afsal til stefnanda fyrir eignarhlutanum. Krafa stefnanda um, að stefnda verði dæmd til að skila greiðslunum innan fimmtán daga, þykir óþörf, með því að kveðið er á um fimmtán daga aðfararfrest frá dómsuppsögu í 5. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Eftir úrslitum málsins verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000 krónur.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ráðstöfun Leifs Gunnars Leifssonar á bifreiðinni KD-057 til stefndu, Guðlaugar Brynju Hjaltadóttur, sbr. tilkynningu til ökutækjaskrár 18. febrúar 1996, er rift.

Ráðstöfun Leifs Gunnars Leifssonar á helmingseignarhlutdeild í fasteigninni að Heiðarbakka 4 í Keflavík til stefndu, þinglýstri 1. mars 1995, er rift.

Stefnda afhendi stefnanda bifreiðina KD-057 og gefi út afsal fyrir bifreiðinni til stefnanda.

Stefnda gefi út afsal til stefnanda fyrir eignarhlutdeild sinni í fasteigninni að Heiðarbakka 4 í Keflavík.

Stefnda greiði stefnanda 75.000 krónur í málskostnað.
